



E 14/2019

Fyrirspyrjandi Norræna sjálfbærninefndin
Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

**Skrifleg fyrirspurn
um aðgerðir til að draga úr matarsóun**

Norðurlandaráð hefur á undanförunum árum samþykkt fjölda tilmæla til þess að efla norrænt samstarf í baráttunni gegn matarsóun. Síðast hefur Norræna sjálfbærninefndin haft til meðferðar svar við spurningum um tölulegar upplýsingar um árangur af norrænum aðgerðum til þess að draga úr matarsóun og um möguleikann á að innleiða á Norðurlöndum aðgerðir gegn matarsóun sem byggja á reynslu frá Bretlandi en þessum spurningum var beint til Norrænu ráðherranefndarinnar 24. janúar 2018.

Nefndin hefur af miklum áhuga tekið við svörum við þessum spurningum frá Norrænu ráðherranefndinni og veitt því athygli að Norðurlöndin og norrænu ríkin hafa hrint í framkvæmd mörgum mikilvægum aðgerðum til þess að draga úr matarsóun. Nýjar mælingar frá árinu 2018 sýna að aðgerðirnar eru farnar að bera árangur;

- Matarsóun heimila í Danmörku dróst saman um 8% á árunum 2011–2017. Engar upplýsingar liggja fyrir um þróunina í matvöruverslunum og matvælaiðnaði.
- Matarsóun heimila í Noregi hefur dregist saman um u.þ.b. 9% á árunum 2010–2015. Í matvöruverslunum og matvælaiðnaði dróst matarsóun saman um 14% á árunum 2015–2017.
- Matarsóun heimila í Svíþjóð minnkaði um 3% á hvern einstakling á árunum 2014–2016. Í matvöruverslunum og matvælaiðnaði er áætlað að matarsóun hafi minnkað úr 216.000 tonnum árið 2012 í 75.000 tonn árið 2016.
- Matarsóun í veitingageiranum í Finnlandi minnkaði úr 20% í 17% á árunum 2012–2017. Verið er að skoða ný gögn og semja vegvísi um að draga enn frekar úr matarsóun.
- Engar tölur liggja fyrir frá Íslandi.



Nefndin tók eftir því að þrátt fyrir margs konar aðgerðir þá hefur aðeins að takmörkuðu leyti dregið úr matarsóun á Norðurlöndum í ljósi þess að metnaðurinn stendur til þess að dregið hafa verið úr matarsóun um 50% árið 2030.

Með hliðsjón af framangreindu viljum við beina eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar

- Hefur Norræna ráðherranefndin í hyggju að móta markvissa aðgerðaáætlun til þess að koma til móts við hið metnaðarfulla markmið um að dregið hafi verið úr matarsóun um 50% árið 2030?

Kaupmannahöfn, 12. september 2019

Fyrir hönd Norrænu sjálfbærninefndarinnar

Ketil Kjenseth (V) formaður Norrænu sjálfbærninefndarinnar

Thomas Jensen (S), varaformaður Norrænu sjálfbærninefndarinnar